



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær

Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 10. janúar 2020
1501005 SB

Efni: Málefni skíðasvæðanna

Á 480. stjórnarfundum SSH, þann 6. janúar s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Tekin er til umræðu staða og næstu skref er varðar framkvæmdir á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

- Minnisblað framkvæmdastjóra fyrir hönd verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur á skíðasvæðum.*
- Tillaga að viðauka við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Á fundi stjórnar SSH 4. nóvember 2019 var framkvæmdastjóra falið að vinna að viðauka við samning sveitarfélaganna er varðar uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.*
- Viðauki við erindissbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.*
- Önnur gögn er málið varðar.*

Skv. minnisblaði framkvæmdastjóra er staðan á verkefni sú að Veitur hafa afturkallað kærú sína vegna matsskyldu framkvæmda á skíðasvæðunum með bréfi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindmála frá 9. desember 2019. Ástæða afturköllunar byggist á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum sem Veitur hafa talið nauðsynlegar til að minnka hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Í því efni er m.a. fjallað um mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar og ákvörðun veitna sveitarfélaganna að setja upp sírita í holu núverandi vinnsluholu skíðasvæðisins og borun á fjórum nýjum rannsóknarholum í því skyni að styrkja grunnvatns- og rennislíkans höfuðborgarsvæðisins.

Framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdanna á skíðasvæðinu verður tekið fyrir til umræðu og afgreiðslu hjá Kópavogsbæ þann 6. janúar. Athugasemda- og kærufrestur er til 17. febrúar 2020. Að því gefnu að framkvæmdaleyfi verði gefið út um miðjan febrúar 2020 er ekkert því til fyrirstöðu að bjóða út fyrsta áfanga framkvæmdanna. Á þeim tímapunkti verða útboðsgögn endanlega tilbúin og útboð getur farið fram.

Að framgangi verkefnisins hefur verkefnahópur starfað á undanförunum misserum. Lagt er til að verkefnahópurinn starfi áfram og sinni fyrst og fremst samræmingar og eftirlitshlutverki með



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

framkvæmdinni. Ráðinn verði verkefnastjóri framkvæmdanna til að halda utan um stjórn og eftirlit með verkefninu (sjá viðauka erindisbréf).

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að vísa fyrirbyggjandi drögum að viðauka við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018 til umræðu og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að viðauka við erindisbréf verkefnahóps vegna uppbygginga og reksturs skíðasvæðanna frá 5. mars 2018 og að fulltrúa samstarfsnefndar skíðasvæðanna verði boðin sæti í verkefnahópnum.

Óskað er eftir að viðaukinn við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins verði tekinn til efnislegrar umræðu og afgreiðslu.

Afgreiðsla málsins óskast sent á ssh@ssh.is

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

- 1) Viðauki við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7.maí 2018.
- 2) Minnisblað framkvæmdastjóra SSH fyrir hönd verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins ásamt fylgigögnum sem lögð voru fyrir 480. fund stjórnar SSH þann 6. janúar 2020